

Ályktun stjórnar Landssambands smábátæigenda um skoðun björgunarbáta

Stjórn Landssambands smábátæigenda (LS) lýsir yfir miklum áhyggjum af eftirliti með skoðun björgunarbáta.


Að mati Samgöngustofu var inngrip nauðsynlegt sem fólst í innköllun á tugum björgunarbáta. Endurskoðun leiddi í ljós verulega annmarka á virkni búnaðar. Ennfremur að nýskoðaðir björgunarbátar voru dæmdir ónýtir.

Stjórn LS telur brýnt að Samgöngustofa efli eftirlit með skoðun smábáta og þá sérstaklega á björgunarbúnaði. Það er algjörlega óásættanlegt að sjómenn og fjölskyldur þeirra geti ekki treyst á virkni öryggisbúnaðar þegar um árlega skoðun er að ræða hjá skoðunarstöðvum sem hlotið hafa starfsleyfi frá Samgöngustofu.

LS telur nauðsynlegt að tillögur Samgöngustofu um bætt eftirlit verði unnar í samstarfi við félagið.

Reykjavík 15. maí 2026

fh. stjórnar LS



Kjartan Páll Sveinsson formaður